

Kjarvalsstaðir:



Á sýningunni er fjöldinn allur af fallegum teppum og dúkum. En þar eru einnig margir skemmtilegir hlutir, svo sem ofnar brúður, jurtir og svo þessi bráðsniðuga hana sem sat á stalli í miðjum salnum. Hana gerði Ulla Aström.



Séð yfir hluta af sýningarsalnum. Fremst á myndinni er nokkuð óvenjulegt, en fallett verk eftir sænsku listakonuna Kazuko Tamaru.

FALLEG OG YFIRGRIPSMIKIL SÝNING Á NORRÆNNI VEFLIST

Lofsvert framtak veflistarmanna á Norðurlöndum

Þann 29. janúar verður opnuð að Kjarvalsstöðum vefnaðarsýning, og verða þar sýnd verk frá Norðurlöndum.

Á sýning þessi sér nokkra forsögu, þar sem tvö ár eru liðin síðan vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku kom saman til að leggja drög að stórrí sýningu sem gæti gefið hugmynd um það sem væri að gerast í veflist á Norðurlöndum.

Hlaut þessi hugmynd listamannanna góðar undirtektir og annaðist félag Textilhönnuða undirbúning sýningarinnar fyrir Ísland hönd. Skyldi sýningin fara fram á 3ja ára fresti, og ferðast um öll Norðurlöndin.

Með styrk frá Norræna menningarmálasjóðnum og

annarri fyrirgreiðslu var síðan lagður grundvöllur fyrir þessari sýningu, sem nú er að hefjast á Kjarvalsstöðum.

Auglýst var eftir verkum og skipuð nefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum. Sat Asgerður Búadóttir í henni fyrir Íslands hönd. Alls bárust nefndinni 665 verk hvaðanæva að, og sýnir það eitt grósku veflistarinnar á Norðurlöndunum. Úr þessum fjölda voru valin 116 verk til sýningar, þar af 9 eftir íslensku listamenn, en alls 16 íslendingar sendu verk sín inn.

Hófst sýningin síðan í Listasafninu í Akaborg þann 26. júní sl. sumar. Þaðan var farið með hana til Hövi ködden Listamiðstöðvarinnar í Osló, síðan til listasafnsins í Abo og loks að Kjarvalsstöðum. Héðan fer hún svo til Listaskálans í Færeyjum og er ferðinni þar með lokið.

Listamenn þeir sem að sýningunni standa eru 95 talsins og spanna verk þeirra yfir myndvafnað, teppi, ásaum tau-

þrykk, Patchwork teppi, macramé, rýjateppi, batík, þrjóngóbrlín, ofinn skúlpúr og alls konar blandaða veftækni. Þetta ætti því að vera hin fróðlegasta sýning fyrir þá sem hafa áhuga á hvers konar handavinnu, og reyndar alla sem hafa yndi af að skoða fagra hluti.

Gagnrýnendur allir hafa lokið miklu lofsorði á sýninguna og á Kjarvalsstöðum gefur að líta úrklippur úr erlendum blöðum þar sem sýningarinnar er minnst. Eru þau skrif mjög á eina lund og farið viðurkenningarorðum um veflistarsýninguna. Íslensku verkanna er oft getið sérstaklega og farið um þau lofsamlegum orðum.

Styrkir til sýningarinnar bárust frá Menntamálaráðuneyti og Menntamálaráði. Listráð að Kjarvalsstöðum hýsir hana og hefur séð um ýmsa fyrirgreiðslu, en undirbúning og uppsetningu hafa þær Asgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Ragna Róbertsdóttir.

Þess má geta, að Flugleiðir munu veita fólki utan af landi sérstakan helgarafslátt meðan á sýningunni stendur, en henni lýkur þann 20. febrúar n.k.

—JSS




Þær Asgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Ragna Róbertsdóttir virða fyrir sér eitt verkanna á sýningunni.

Hringið til okkar
og pantið föst
hverfi til að
selja blaðið í.

Alþýðublaðið —
afgreiðsla
sími 14900

Tækni/Vísindi

Milankovitch-kenningin um orsakir Ísalda hefur heillað marga vísindamenn, en hingað til hefur skort sannanir til þess að sannfæra menn endanlega.



Það sem vantaði var aðferð til þess að tengja nákvæmlega tímabil Ísaldanna við þær breytingar sem orðið hafa á braut jarðar um sólu og stjörnufræðingar geta reiknað nákvæmlega út.



Í þessari viku:

Skýringar á Ísöldum 3.



Því miður hefur ekki verið unnt að aldursgreina leifar frá jökulskeiðunum lengra aftur en 50.000 ár, — sem er of lítið til þess að hægt sé að telja fullgildar sannanir fengnar.



Nýlega kom í ljós að upplýsinga var víðar að leita. Þ.e.a.s. í borkjörnum af sjávarbotni og kóralklettum í fjöruborði.